



Nefndasvið Alþingis  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Gunnarsholti, 9. maí 2019

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða, 778. mál.**

Með rafbréfi, dags. 12. apríl sl., óskaði umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis eftir umsögn Landgræðslunnar um frumvarp til laga um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða, 778. mál. Drög að frumvarpi, í ekki óáþekku formi, höfðu áður verið til kynningar á samráðsgátt stjórnvalda. Landgræðslan kom við það tilefni að athugasemdum sínum og vísast um það til umsagnar stofnunarinnar, dags. 4. september sl.

Frá því er að segja að í því frumvarpi sem hér er lagt fram hefur verið tekið tillit til þeirrar veigamestu efnislegu athugasemdar sem Landgræðslan gerði við frumvarpsdrögin á samráðsgáttinni. Þannig er í nú í 2. mgr. 26. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir að í stjórnunar- og verndaráætlun skuli sérstaklega gerð grein fyrir *endurheimt vistkerfa*. Að mati Landgræðslunnar var um nauðsynlega breytingu að ræða, enda samræmist endurheimt vistkerfa ýmsum öðrum ákvæðum frumvarpsins, sem og öðrum lögum er hafa mikinn samhljóm með fyrirbyggjandi frumvarpi, s.s. landgræðslulögum nr. 155/2018 og náttúruverndarlögum nr. 60/2013.

Annars lýsir Landgræðslan yfir mikilli ánægju með það að samræma eigi og styrkja stjórnsýslu og almenna ummönnun þjóðgarða og náttúruverndarsvæða. Um leið er almenn náttúruvernd, skv. gildandi náttúruverndarlögum, færð til hinnar nýju stofnunar að mestu sem vonandi leiðir til að sá þáttur styrkist og eflist.

Landgræðslunni ber samkvæmt lögum um landgræðslu nr. 155/2018 m.a. að stuðla að vernd, endurheimt og að bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands. Ennfremur ber að vinna að því að nýting taki mið af ástandi lands, stöðva eyðingu og komast hjá spjöllum á gróðri og jarðvegi, auka kolefnisbindingu, byggja upp, endurheimta og auka viðnámsþrótt og þanþola vistkerfa gangvart áföllum og náttúruvá o.fl. Þá hefur stofnuninni verið falin framkvæmd verkefnisins *Endurheimt votlendis*, í samræmi við sóknaráætlun ríkisstjórnar Íslands í loftslagsmálum sem og að unnið er að vörnum gegn landbroti.

Ofangreind verkefni Landgræðslunnar eiga mjög mikinn samhljóm í þeim verkefnum sem nýrri stofnun, Þjóðgarðastofnun, er falið skv. þeim frumvörpum sem hér eru til umfjöllunar, ekki síst fyrirhugaðra breytinga á lögum um náttúruvernd. Endurheimt og vernd gróðurs- og jarðvegs fellur þannig saman við hlutverk Þjóðgarðastofnunar, sbr. ýmis ákvæði I. kafla náttúruverndarlaga. Landgræðslan hefur um árábil veitt stofnunum á sviði náttúruverndar ráðgjöf og unnið farsælega með þeim að landgræðslu og verndaraðgerðum innan þjóðgarða og friðlýstra svæða. Skörun þessara verkefna væri ástæða til að gaumgæfa í framtíðinni.

Landgræðslan hefur ekki almennar athugasemdir/ábendingar um það efni frumvarps til laga um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða er snýr að hinni viðamiklu uppbyggingu innviða og stjórnkerfis þeirrar stofnunar. Þó tengsl verkefna Þjóðgarðastofnunar og Landgræðslunnar séu mun augljósari í ljósi ákvæða náttúruverndarlaga þá er þau þó einnig að finna í frumvarpi til laga um Þjóðgarðastofnun.

Í því samhengi má benda á 1. og 2. tölulið 4. gr. frumvarpsins um að vernda skuli lífríki og að almenningur skuli eiga kost á að njóta náttúru þjóðgarða. Þá má og benda á ákveðna skörun í 26. gr. frumvarpsins.

Virðingarfyllt,  
f.h. Landgræðslunnar

  
Árni Bragason